



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

### STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 25.02.2020

Kl.: 14:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Söttvarnalæknir,

#### Óvissustig vegna kórónaveiru (COVID-19)

##### Lýsing á atburði

Í lok desember 2019 bárust fregnir af alvarlegum lungnasýkingum í Wuhan-borg í Kína. Í kjölfarið var staðfest að um áður óþekkt kórónaveirufbrigði er að ræða, sem nú kallast COVID-19. Staðfest er að veiran smitast á milli manna og að hún getur valdið alvarlegum veikindum.

Á Íslandi er unnið samkvæmt óvissustigi, Landsáætlun- heimsfaraldur influensu. Ef svo ber undir má virkja Landsáætlun-sóttvarnir hafna og skipa, og Landsáætlun –alþjóðflugvellir samhliða Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu.

Enginn einstaklingur hefur enn sem komið er greinst á Íslandi.

##### Samantekt

- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Embætti landlæknis / Söttvarnalæknir. [Sjá upplýsingasíðu](#)
- Landspítalinn Sýkla og veirufræðideild- sýkingavarnadeild
- Heilsugæslahöfuðborgarsvæðisins
- Rauði Krossinn
- Landsbjörg
- Heilbrigðisstofnanir
- Heilsuvera
- Læknavaktin
- Flugsamgöngur um alþjóðflugvelli og skipaumferð um skilgreindar hafnir
- Vegagerðin
- Samtök atvinnulífsins og sérstaklega SAF.
- Lyfjastofnun
- Landhelgisgæsla Íslands
- Tollgæslan
- Utanríkisráðuneytið

## Staða mála

### Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 25. febrúar 2020 hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 80.134 einstaklingum og um 2.698 einstaklingar hafa látist (3,3%). Þrjátíu og þrjú dauðsföll hafa orðið utan Kína, tólf í Íran, þrjú á skemmtiferðaskipi við Japan, átta í S-Kóreu, sex á Ítalíu, eitt í Taiwan, eitt á Filippseyjum, eitt í Japan og eitt í Frakklandi. Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 27.789 einstaklegar náð sér eftir veikindin. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála. Þróunin um helgina eykur líkur á að tilfelli komi til EU/EEA (Íslands) frá öðrum löndum en Kína. Mikil óvissa ríkir vegna nokkurra ófyrirsjáanlegra þátta og staðan er í stöðugri þróun.

Tilfelli sem greinst hafa eru frá Kína (77.658), Hong Kong (81), Macao (10), Singapúr (90), Taílandi (37), Suður-Kóreu (763), Japan (144), Taívan (30), Malasíu (22), Víetnam (16), Sameinuðu arabísku furstadæmin (13), Indland (3), Filippseyjar (3), Kambodía (1), Nepal (1), Sri Lanka (1), Ástralíu (22), Bandaríkjunum (53), Kanada (11), Þýskaland (16), Frakkland (12), Bretland (13), Ítalía (229), Rússland (2), Spánn (3), Belgía (1), Finnland (1), Svíþjóð (1), Íran (43), Kuwait (5), Ísrael (2), Bahrain (2), Egyptaland (1). Farþegaskip við Japan (691). Ný tilfelli hafa komið upp í Afghanistan (1) og Írak (1), Líbanon (1). Flest tilfelli (97%), eða 77.253 hafa greinst í Kína. Af þeim 276 einstaklingum sem greinst hafa í Evrópu hafa 229 smitast innan Ítalíu, 16 smitast innan Þýskalands, 7 innan Frakklands og 1 í Bretlandi. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

### Ísland

- Enginn einstaklingur hefur greinst á Íslandi.
- Hér á landi hafa nú 35 sýni verið rannsökuð af sýkla og veirufræðideild Landspítalans. Reyndust þau öll neikvæð.
- Sóttvarnastofnun Evrópu gefur út áhættumat og tilmæli varðandi kórónaveiruna (COVID-19) og er Ísland samstíga í þeim aðgerðum. Samkvæmt áhættumati Sóttvarnastofnunar Evrópu aukast líkur á að tilfelli komi til EU/EEA (Íslands) frá öðrum löndum en Kína. Staðan er stöðugt metin.
- Ráðleggingar til ferðamanna verða uppfærðar reglulega og birtar á vef landlæknis <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/>
- Grunur leikur á að eitt tilfelli COVID-19 veirunnar hafi komið upp á H10 Costa Adeje Palace hótelinu á Tenerife á Spáni. Enn sem komið er, eru ekki vísbendingar um að tilfelli séu fleiri og veiran hafi breiðst út. Að sinni er því ekki mælt gegn ferðum til Tenerife. Hins vegar er brýnt að þeir sem annað hvort eru á svæðinu eða hyggja á ferðalög þangað hugi vel að persónulegu hreinlæti og fylgi fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda á svæðinu. Þegar komið er heim til Íslands er nauðsynlegt að fylgja fyrirmælum íslenskra heilbrigðisyfirvalda sem uppfærð eru reglulega og birt á vef embættis landlæknis.
- Í gær voru fulltrúar sóttvarnalæknis viðstaddir fjarfundi alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Sóttvarnastofnunar Evrópu. Talsvert hefur hægst á greiningum kórónaveiru í Kína en aftur á móti greinast margir annarsstaðar í Asíu og á Ítalíu. Vegna mikillar útbreiðslu á Norður-Ítalíu og lokunar/samgöngubanns innan héraða á Ítalíu, var í framhaldinu ákveðið að gefa út leiðbeiningar til ferðamanna sem voru birtar á vef landlæknis.
- Reglulega berast nánari upplýsingar um einkenni veirunnar, þ.a.m. vægar, einkannalausar sýkingar og langan meðgöngutíma. Vegna þess má búast við að í framhaldinu komi upp hópsýkingar á fleiri stöðum hliðstæðar því sem á sér stað á Ítalíu. Ítalía hefur beitt miklum aðgerðum á flugvöllum til að koma í veg fyrir að smit berist inn í landið en skimanir hafa ekki skilað árangri. Sýnir það hversu erfitt er að koma í veg fyrir að veiran berist hingað til lands. Nauðsynlegt er að beita öllum aðgerðir sem geta heftað/tafið fyrir útbreiðslu hér á landi. Það felst m.a. í að mæla gegn ónauðsynlegum ferðum til svæða þar sem kórónaveiran hefur náð útbreiðslu. Einnig eru einstaklingum, sem koma til Íslands eftir að hafa dvalið á viðkomandi svæðum ráðlagt að halda sig heima í 14 daga í varúðarskygni. Búast má við að daglega bætist fleiri lönd á listann yfir viðvarandi smit svo upplýsingar verða uppfærðar daglega.
- Sjá frétt [25.02.2020 Ráðleggingar vegna ferðalaga til Norður-Ítalíu og Tenerife](#)
- Fundur með umdæmislæknum sóttvarna og lögreglu var haldinn í morgun, 25. febrúar.
- Áfram er unnið samkvæmt óvissustigi, Landsáætlun- heimsfaraldur inflúensu.
- Næsti stöðufundur í samhæfingarstöð almannavarna verður á morgun þriðjudaginn 25. febrúar kl. 08:00.

<b>Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra</b>
Samhæfir aðgerðir í samstarfi við sóttvarnalækni/embætti landlæknis Almannavarnastig er óbreytt: unnið er á óvissustigi- Landsáætlun um heimsfaraldur inflúensu. Vinnuhópur ríkislögreglustjóra vinnur að greiningu á hugsanlegum aðgerðum sem miða að því að stemma stigu við komu ferðamanna frá áhættusvæðum.
<b>Sóttvarnalæknir/embætti landlæknis</b>
Unnið að samhæfingu aðgerða, leiðbeiningum og efni fyrir almenning, heilbrigðisstarfsfólk, ferðaþjónustuna og atvinnulífið . Upplýsingar eru uppfærðar og nýjar leiðbeiningar settar inn eftir þörfum. <a href="#">Sjá nánar</a> . Áhættumat sóttvarnalæknis fyrir Ísland er samhljóða áhættumati Sóttvarnastofnunar Evrópu. Samkvæmt áhættumati þeirra aukast líkur á að tilfelli komi til EU/EEA (Íslands) frá öðrum löndum en Kína. Staðan er stöðugt metin. Unnið er að því að uppfæra <a href="#">Landsáætlun- heimsfaraldur inflúensu í samvinnu við avd-RLS</a> .
<b>Landspítalinn – Sýkla og veirufræðideild-sýkingavarnadeild.</b>
Situr daglega samráðsfundi SVL með samhæfingarstöð almannavarna. Í dag hafa 35 einstaklingar verið rannsakaðir af sýkla og veirufræðideild.m.t.t. hinnar nýju kórónaveiru og var enginn þeirra með veiruna.
<b>Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) / Heilsuvera.is</b>
Umdæmis og svæðislæknir (Umd/Svæ)-SVL á höfuðborgarsvæðinu situr reglulega. samráðsfundi með SVL.
<b>Alþjóðaflugvellir, Keflavík, Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík. Sóttvarnahafnir.</b>
Upplýsingum er miðlað til farþega og starfsmanna. Landhelgisgæslan sendir upplýsingar til erlendra skipa sem eru á leið til hafnar á Íslandi og fer yfir farþegalista ásamt Tollgæslunni. Mikil áhersla er að ná til farþega sem koma til landsins. Sent SMS til komufarþega Keflavík, Akureyri og Norrænu á Seyðisfirði.
<b>Ferðaþjónustuaðilar</b>
Ferðamálastofa og Samgöngustofa dreifa upplýsingum í gegn um sína gagnagrunna til ferðaþjónustuaðila. Fundur um viðbragðsáætlanir hafna og flugvalla var 24. febrúar.
<b>Heilbrigðisstofnanir og lögregla á landsbyggðinni</b>
Umdæmin eru vel undirbúin skv. viðbragðsáætlunum. Næsti samráðsfundur SVL og lögreglustjóra umdæmanna var í morgun, 25. febrúar.
<b>Læknavaktin</b>
Miðlar upplýsingum og tryggir svörun 24/7. Símaþjónusta 1700. Fyrir erlend símanúmer +354 544-4113. Læknavaktin hefur fengið mikið af fyrirspurnum varðandi veiruna, m.a. vegna ferðalaga erlendis. Hafa samráð við HH um að tryggja aðgang að vakthafandi lækni.
<b>Rauði Krossinn</b>
Unnið er að þarfagreiningu v/einangrunaraðstöðu fyrir ferðamenn í hverju sóttvarnaumdæmi. Unnið í samvinnu við Landspítala. Rauði krossinn veitir sálfélaglegan stuðning við fjölskyldur sem eru í sóttkví. Virkjaður hefur verið samráðshópur áfallahjálpar sem skráir inn upplýsingar í aðgerðagrunn yfir stöðu mála.
<b>Landsbjörg</b>
Miðlar upplýsingum til ferðamanna á <a href="http://www.safetravel.is">www.safetravel.is</a> . Vinnur að því að skrá nýja aðila inn í aðgerðagrunn SAR-EYE.
<b>Utanríkisráðuneytið.</b>
Borgarþjónusta utanríkisráðuneytisins á í daglegu samráði við borgarþjónustur Norðurlanda varðandi ferðaráð vegna COVID-19. Sendiráð Íslands í Peking er í sambandi við Íslendinga í Kína, m.a. þá sem hafa skráð sig á netfanginu <a href="mailto:help@mfa.is">help@mfa.is</a> Vegna fréttu af COVID-19 tilfellum víða um heim, t.d. á Ítalíu, er búist við fleiri fyrirspurnum frá almenningi vegna ferðalaga erlendis. Áfram verður bent á tilmæli sóttvarnalæknis og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar þar að lútandi og fólk boðið eftir atvikum að skrá sig hjá borgarþjónustunni.
<b>Lyfjastofnun</b>
Er í samskiptum við Lyfjastofnanir erlendis og fylgist með birgðum nauðsynlegra lyfja. Ekkert bendir til lyfjaskorts hérlendis af völdum COVID-19 enn sem komið er. Sjá nánar <a href="#">frétt á vef Lyfjastofnunar</a> .